



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 4. maí 2023

Efni: Uppbygging á sameiginlegu vistheimili barnaverndarþjónustu

Eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu (fylgiskjal 1) er uppbygging á sameiginlegu vistheimili barnaverndarþjónustu hluti af framkvæmdaráætlun Kópavogsbæjar í barnavernd fyrir árin 2019 til 2022 sem sett er á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002. Vistheimili eru lögbundin úrræði sem byggja á 84.gr. barnaverndarlaga.

Í stefnu velferðarsviðs er einnig fjallað um uppbyggingu úrræða barnaverndarþjónustu í kafla V.5.2. en þar segir „Stefnt er að styrkingu úrræða Barnaverndar til að veita börnum og fjölskyldum ráðgjöf og stuðning. Jafnframt skal veita börnum móttöku til að greina aðstæður þeirra, tryggja öryggi og veita viðeigandi stuðning.“

Á grundvelli framkvæmdaráætlunar og stefnu velferðarsviðs hafa verið settar fram aðgerðir bæði í aðgerðaáætlunum sviðsins fyrir árin 2022 og 2023 með það að markmiði að undirbúa uppbyggingu sameiginlegs vistheimilis barnaverndar.

Úr aðgerðaáætlun ársins 2022:

„V.5.2.4 Að hafinn verði undirbúningur stofnunar vistheimilis fyrir börn.

Að samstarfi verði komið á við Hafnarfjörð og mögulega fleiri sveitarfélög. Unnin verði verkefnisáætlun vegna undirbúnings með Hafnarfirði og mögulega fleiri sveitarfélögum. Að unnt verði að hefja starfsemi á seinni hluta árs 2023.“

Úr aðgerðaáætlun ársins 2023:

„V.5.2.3. Stofna nýtt sameiginlegt vistheimili Barnaverndar í samstarfi við Hafnarfjörð og fyrir 31.12.23.

Starfshópur starfar áfram að stofnun vistheimilis og skilar skýrslu til sviðstjóra sveitarfélaganna með tillögum að starfsemi vistheimilis, umfangi þess og faglegum þörfum. Tillögur kostnaðarmetnar og lagðar fyrir bæjaryfirvöld. Stefnt að opnun vistheimilis fyrir 31.12.2023:“

Skýrsla starfshóps er nú lögð fram til kynningar en frekara kostnaðarmat og útfærsla tillagna verður tengd gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs



Fylgiskjal 1: Skýrsla starfshóps um stofnun sameiginlegs vistheimilis Barnaverndarþjónustu Kópavogs og Hafnarfjarðar.